

Tillögur um verkefni á vegvísi um rannsóknarinnviði

Stjórn Innviðasjóðs þakkar öllum þeim sem sendu tillögur að vegvísaverkefnum. Tillögurnar eru mikilvægar við næstu skref í gerð vegvísisins og undirbúning að næsta umsóknaferli.

Alls bárust 52 tillögur að verkefnum á Vegvísi um rannsóknarinnviði í júní. Tillögurnar hafa verið birtar á [vef Rannís](#).

Við áframhaldandi vinnu umsóknar um verkefni á vegvísi er gott að hafa í huga þau atriði sem lögð verður áhersla á við [mat á vegvísaverkefnum](#):

- *Efla uppbyggingu og rekstur hágæða rannsóknarinnviða til framtíðar með skýrri framtíðarsýn um heildaruppbyggingu rannsóknarinnviða innan stofnana og á Íslandi öllu, og stuðla að raunhæfu rekstrarumhverfi þeirra.*
- *Opna aðgengi að rannsóknarinnviðum og hámarka nýtingu þeirra með því að efla samstarf stofnana og gera innviðina aðgengilega notendum utan þeirrar stofnunar sem hýsir þá.*
- *Styrkja samstarf um rannsóknarinnviði með samvinnu um uppbyggingu innlendra innviða auk þátttöku í erlendum innviðaverkefnum þar sem við á.*

Í mati á verkefnum verður áhersla lögð á að innviðir á vegvísi séu mikilvægir fyrir íslenskt samfélag (sjá ályktun um [samfélagslegar áskoranir 2018-2021](#)) og auki gæði rannsókna í landinu. Umsækjendur eru hvattir til þess að hugsa vel heildarmarkmið verkefnis á vegvísi og varast að skilgreina innviðina of þröngt og afmarka þá við einstaka tæki eða búnað. Áætla þarf hvernig rekstur innviðanna verður best tryggður til framtíðar og skipta uppbyggingunni upp í áfanga ef með þarf. Innviðauppbyggingin skal nýtast rannsóknaverkefnum styrktum af samkeppnissjóðum og gagnast breiðum hópi rannsækenda en ekki einskorðast við einstaka stofnanir. Þannig er höfuðáhersla lögð á samstarf og framtíðarhugsun í uppbyggingu innviðanna.

Stjórn Innviðasjóðs hvetur umsækjendur til þess að skoða tillögurnar vel og leita leiða til að sameina umsóknir þar sem við á. Stjórn sjóðsins mun ekki hafa frumkvæði að því að leiða einstaka hópa saman en mikilvægt er að hafa í huga að ef fleiri en ein umsókn berst þar sem innviðir og rannsóknasvið skarast eru litlar líkur á að nokkur þeirra komist á vegvísi. Eitt af meginmarkmiðum vegvísis er að styrkja samstarf um rannsóknarinnviði og er því nauðsynlegt að þeir aðilar sem innviðirnir gagnast vinni saman að einni umsókn.

Umsóknarfrestur fyrir vegvísaverkefni verður þann **20. október** og opnað verður fyrir umsóknarkerfið fyrri hluta september.